

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/05

frá 24. febrúar 2000

um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi umflutning á afurðum úr dýrarikinu frá einu þriðja landi til annars þriðja lands sem fer eingöngu fram á vegum um svæði Evrópubandalagsins(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 468)

(2000/208/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að komast hjá óþarfa töfum í viðskiptum er nauðsynlegt að samþykkja hið bráðasta reglur um útflutning afurða úr dýrarikinu sem eru í umflutningi frá einu þriðja landi til annars þriðja lands á vegum um svæði Evrópubandalagsins.
- 2) Reglur þessar gilda að því er varðar ákvæði e-liðar 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 97/78/EB um reglur um umflutning á vegum um svæði bandalagsins.
- 3) Brýnt er að opinbera dýralækninum, sem tekur við vörum í umflutningi til útflutnings frá bandalaginu, sé gert viðvart um allar sendingar sem berast, einkum þær sem berast utan hefðbundins vinnutíma viðkomandi skoðunarstöðvar á landamærum.
- 4) Brýnt er að tilgreina það eftirlit sem verður að fara fram á skoðunarstöð á landamærum á útflutningsstað til að ganga úr skugga um uppruna sendingarinnar.

5) Brýnt er að tilgreina þann flokk viðurkenningar sem skoðunarstöðin á landamærunum á útflutningsstað tilheyrir til að tryggja að starfsfólkið kunni skil á afurðunum sem lagðar eru fram til eftirlits.

6) Nauðsynlegt er að beita samræmdri aðferð við athugun á sendingum og merkingu þeirra skjala sem verið er að senda aftur á skoðunarstöð á landamærum á innflutningsstað.

7) Undanþága hefur verið veitt fyrir starfsfólk sem annast eftirlit á skoðunarstöðvum á landamærum sem eru einungis viðurkenndar til eftirlits með fiskafurðum.

8) Þessi ákvörðun gildir þrátt fyrir það vinnufyrirkomulag sem bandalagið hefur samið um við tiltekin þriðju lönd samkvæmt viðurkenndum alþjóðasamningum.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Við beitingu ákvæða 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, einkum e-liðar 2. mgr. 11. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda um umflutning afurða úr dýrarikinu frá einu þriðja landi til annars þriðja lands á vegum um svæði Evrópubandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 64, 11.3.2000, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 3.

2. gr.

Skoðunarstöðvar á landamærum, sem um getur í e-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, skulu:

- að því er fiskafurðir varðar, vera allar skoðunarstöðvar sem eru taldar upp í skránni sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/778/EB ⁽¹⁾ (eins og henni var breytt),
- að því er aðrar afurðir úr dýraríkinu varðar og ekki er getið í fyrsta undirlið, allar skoðunarstöðvar sem um getur í fyrsta undirlið að undanskildum þeim sem einungis eru viðurkenndar fyrir skoðun á fiskafurðum.

3. gr.

Opinber dýralæknir eða, ef um fiskafurðir er að ræða, annaðhvort opinber dýralæknir eða umboðsmaður sem lögbært yfirvald hefur útnefnt, skal sjá til þess að á skoðunarstað á landamærum á útflutningsstað fari fram nauðsynlegt eftirlit með vörusendingum sem eru fluttar út frá bandalaginu samkvæmt þessu ákvæði. Með eftirlitinu er staðfest að vörusending sem þangað berst samræmist þeirri vörusendingu sem var send frá skoðunarstöðinni á landamærum á innflutningsstað og sé í samræmi við upplýsingarnar á vottorðinu sem fylgir sendingunni, samkvæmt fyrirmyndinni í viðauka B við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/13/EBE ⁽²⁾.

4. gr.

Þegar eftirlitinu er lokið verður að tilgreina á vottorðinu, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 97/78/EB og fylgir sendingunni, athugasemdina „formsatriði við útflutning frá bandalaginu og eftirlit með vörum í umflutningi staðfest í samræmi við e-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 97/78/EB“ og skal vottorðið vera með stimpli skoðunarstöðvarinnar á landamærunum, dagsett og undirritað af opinbera dýralækninum eða, ef um fiskafurðir er að ræða, annaðhvort opinbera dýralækninum eða umboðsmanni sem lögbært yfirvald hefur útnefnt.

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir þrátt fyrir það vinnufyrirkomulag sem bandalagið hefur samið um við tiltekin þriðju lönd samkvæmt viðurkenndum alþjóðasamningum.

6. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda 1. apríl 2000.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 19.11.1997, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.1993, bls. 33.